



29.6.2020

## Verkefnislýsing fyrir endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps

Með bréfi þessu kynnir sveitarstjórn Reykhólahrepps lýsingu fyrir endurskoðun aðalskipulags Reykhólahrepps fyrir hagaðilum og óskar eftir umsögn um hana.

Lýsingin er unnin í samræmi við 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga og 2. mgr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Í henni er lýst hvernig staðið verður að endurskoðun aðalskipulags sveitarfélagsins í þeim tilgangi að íbúar og aðrir hagsmunaaðilar geti kynnt sér þá vinnu sem framundan er og komið á framfæri athugasemdum og ábendingum um nálgun við endurskoðunina, viðfangsefni hennar, helstu forsendur og aðferðir við umhverfismat. Greint er frá helstu forsendum hvaða varðar byggðapróun og fyrirliggjandi áætlanir sem taka þarf mið af. Í verkefnislýsingunni kemur einnig fram hvernig staðið verður að kynningu og samráði í skipulagsferlinu gagnvart íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum.

Lýsingin var samþykkt til kynningar af sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 9. júní 2020 að undangenginni afgreiðslu skipulags- húsnæðis- og hafnarnefndar þann 8. júní 2020. Lýsingin er hjálögð en er jafnframt aðgengileg á kynningarvef fyrir endurskoðunina, [skipulagreykholahrepps.com](http://skipulagreykholahrepps.com). Þar má jafnframt finna frekari upplýsingar um verkefnið.

Óskað er eftir að ábendingar eða umsagnir um lýsinguna berist til skipulagsfulltrúa á netfangið [skipulag@dalir.is](mailto:skipulag@dalir.is) merkt „Reykhólahreppur-Verkefnislýsing“ fyrir 10. ágúst 2020. Umsagnir og ábendingar má einnig senda til á heimilifangið: Skrifstofa Reykhólahrepps, Stjórnsýsluhúsinu við Maríutröð, 380 Reykhólahreppur. Ef aðili telur ekki ástæðu til að gefa umsögn er óskað eftir svari þess efnis.

Virðingarfyllt

f.h. sveitarstjórnar Reykhólahrepps,

Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi.